

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ytra mat á haustönn 2020



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Kristján Bjarni Halldórsson og Laufey Petrea Magnúsdóttir

Ytra mat á Fjölbrotaskóla Snæfellinga
Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið á haustönn 2020

Kristján Bjarni Halldórsson
Laufey Petrea Magnúsdóttir
Forsíðumynd er fengin af heimasíðu FSN

ISBN 978-9979-0-2607-5

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Inngangur.....	4
Fjölbrautaskóli Snæfellinga.....	6
Viðmið og vísbendingar.....	14
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag.....	14
1.1. Um stefnu og áætlanir	14
1.2. Um stjórnendur	15
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	15
1.4. Um innra mat.....	16
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	17
2.1. Um nám og kennslu	17
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	18
2.3. Um námsmat.....	18
2.4. Um kennara	19
2.5. Um námsgögn	19
Þáttur 3: Samskipti og líðan	20
3.1. Um skólabrag	20
3.2. Um samskipti í skólastofunni	20
3.3. Um félagslíf nemenda	21
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	21
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	21
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	23
Þáttur 5: Lykilárangur	24
5.1. Um námsárangur	24
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	24
5.3. Um langtímaárangur	25
Umsögn matsaðila um stjórnun og skipulag.....	26
Umsögn matsaðila um kennslu og námsframboð.....	30
Umsögn matsaðila um samskipti og líðan	38
Umsögn matsaðila um húsnæði og aðbúnað	42
Umsögn matsaðila um lykilárangur.....	44
Styrkleikar og tækifæri til umbóta - yfirlit	46
Heimildir og tilvísanir.....	50

Myndir

Mynd 1. Fjöldi nemenda í stað- og fjarnámi vor og haust 2015-2020.	6
Mynd 2. Fjöldi nýnema sem hefja nám við skólann að loknum grunnskóla 2015-2020.	7
Mynd 3. Fjöldi barna í 1.-10. bekk grunnskóla á upptökusvæði FSN 2019.	8
Mynd 4. Röðun FSN skv. Stofnun ársins á tímabilinu 2015-2020.	27

Töflur

Tafla 1. Búseta nemenda haustið 2020.	7
Tafla 2. Námsbrautir og uppbygging þeirra.	8
Tafla 3. Fjöldi nemenda á námsbrautum 2015-2020.	9
Tafla 4. Brotthvarf nemenda frá námi 2015-2020.	10
Tafla 5. Fjöldi brautskráðra nemenda eftir námsbrautum 2015-2020.	10
Tafla 6. Störf og stöðugildi.	11
Tafla 7. Starfsmannavelta.	12

Heildarniðurstöður

- Einkunnarorð skólans eru *Framsækinn framhaldsskóli*. Lögð er áhersla á notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og leitast skólinn við að vera leiðandi á því sviði. Skólinn hefur markað sér stefnu í ýmsum málaflokkum og skilgreint sérstöðu sína og áherslur varðandi náms- og kennsluhætti og námsmat. Mikilvægt er að hrinda áformum um endurskoðun á meginstefnu skólans í framkvæmd með það að leiðarljósi að skerpa enn frekar á áherslum, framtíðarsýn og meginverkefnum til lengri og skemmri tíma.
- Leitast er við að þróa námsframboð skólans með hliðsjón af eftirspurn og þörfum nærsamfélagsins. Fjölbreytni námsframboðs ræðst þó fyrst og fremst af fjölda þeirra nemenda sem sækja skólann. Þar sem fæðingarárgangar á upptökusvæði skólans eru misfjölmennir hefur að undanfögnu verið lögð áhersla á að fjölga fjarnemum.
- Viðmælendur voru almennt sammála um að stjórnendur skólans nytu trausts og að ánægja væri með störf þeirra. Þá var skólameistari talinn veita skólanum faglega forystu sem m.a. birtist í áhuga hennar á nýbreytni í kennsluháttum og ríkulegri hvatningu til starfsfólks um að prófa nýjungar og þróa eigin starfshætti. Fastsetja þarf betur fundi í skólaráði og skólanefnd. Mikilvægt er að nýta sem best formlegan vettvang s.s. starfsmanna-/kennarafundi, húsfundi, skólaráð og skólanefnd til umræðna og ákvarðanatöku og tryggja þannig aðkomu allra hlutaðeigandi að málum og aukið gagnsæi.
- Innra mat skólans er í nokkuð föstum skorðum og einkum fólgið í viðhorfskönnunum og rýnivíðtölum við nemendur skólans. Framsetning á niðurstöðum er breytileg eftir árum. Innra mat skólans má bæta með því m.a. að bera ný gögn saman við fyrri niðurstöður og skilgreina matsviðmið þegar það á við.
- Áhersla er lögð á verkefnaþað nám og fer kennsla að mestu fram í opnu rými. Með verkefnaþaðu námi er leitast við að auka ábyrgð, virkni og árangur nemenda í námi og auka hæfni þeirra í sjálfstæðum vinnubrögðum, skapandi hugsun, samvinnu og meðferð og miðlun upplýsinga. Almenn ánægja er á meðal starfsfólks og nemenda með fyrirkomulag náms og kennslu.
- Lögð er áhersla á símat og leiðsagnarmat í stað lokaprófa. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum prófdögum í skóladagatali. Í viðtölum við rýnihópa nemenda kom fram að flestir kennarar legðu sig fram um að leiðbeina nemendum og veita þeim skjóta endurgjöf. Sumir kennarar voru þó sagðir heldur lengi að bregðast við. Þá kom einnig fram að umsagnir kennara mættu stundum vera ítarlegri og veita skýrari leiðsögn. Mikilvægt er að skoða hversu vel skólinn er að ná þeim markmiðum sem leiðsagnarmatinu voru sett í upphafi og þá jafnframt áhrif þess að leggja af öll lokapróf.
- Skólabragur er jákvæður og nemendum og starfsfólki líður almennt vel í skólanum. Þeir nemendur sem rætt var við voru sammála um að samskipti við kennara væru alla jafna mjög góð. Fram kom að flestir kennarar væru tilbúnir til veita aðstoð þegar eftir henni væri leitað jafnt í kennslustundum sem utan þeirra. Nemendur voru þó einnig þeirrar skoðunar að

kennurum gengi misvel að halda uppi aga/vinnufrið, stundum væri hávaði í opna rýminu og þá gæti reynst erfitt að halda góðri einbeitingu. Efla þarf enn frekar tengsl kennara við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði.

- Áhersla skólans á verkefnaþátt nám og daglega leiðsögn kennara styður við eftirfylgd þeirra með námsframvindu nemenda. Leitast er við að grípa nemendur í brotthvarfshættu og hefur skólinn náð nokkrum árangir í þeirri viðleitni að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi. Nám á starfsbraut er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á að aðlaga daglegt starf að forsendum hvers og eins nemanda. Meta þarf árangur af verkferlum skólans varðandi móttöku og stuðning við nemendur með annað móturmál en íslensku og nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir væru almennt ánægðir með félagslífið í skólanum og sögðu stuðning stjórnenda góðan. Nokkrir viðburðir hafa fest sig vel í sessi og samstarf er á milli framhaldsskóla á Vesturlandi um árlegan viðburð.
- Erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til starfa í foreldraráði skólans og hefur starfsemin því legið niðri um nokkurt skeið. Úr þessu þarf að bæta.
- Nám og kennsla fer fyrst og fremst fram í rúmgóðu opnu rými en að auki eru til staðar nokkrar kennslustofur sem m.a. eru ætlaðar fyrir nám og kennslu í raungreinum/myndlist, til fjarkennslu og kennslu á starfsbraut. Almenn ánægja er með tölvukost og tölvukerfi skólans. Bæta þarf aðstöðu og búnað til raungreinakennslu.
- Stjórnendur skólans telja námsárangur nemenda almennt góðan. Athugun á viðhorfum brautskráðra nemenda gagnvart undirbúningi þeirra fyrir framhaldsnám og störf hefur ekki farið fram.

Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á starfsemi Fjölbautaskóla Snæfellinga (FSN). Matið fór fram á vor- og haustönn 2020 og er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með starfsemi framhaldsskóla. Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og fól Kristjáni B. Halldórssyni og Laufeyju Petreu Magnúsdóttur að annast það og eru þau höfundar skýrslunnar.

Skýrslan hefst á umfjöllun um skólann þar sem lagðar eru fram tölulegar upplýsingar um meginþætti í starfsemi hans. Í öðrum hluta er listi yfir þá þætti í skólastarfinu sem lagt var mat á. Þar má sjá niðurstöður skólans (S) og niðurstöður matsaðila (M) og þegar báðir aðilar eru á sama máli (SM). Í lokahluta skýrslunnar gera matsaðilar grein fyrir niðurstöðum sínum og tilgreina helstu styrkleika skólans og tækifæri til umbóta.

Í janúar 2020 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf þar sem greint var frá fyrirhuguðu ytra mati og fól honum að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af þeim 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt fram. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar sjálfsmatinu eru einkum fengin úr lögum, reglugerðum og aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla.

Viðmiðin hverfast um fimm meginþætti skólastarfs þ.e. stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða (A B C eða D), nánari skilgreining á einkunnum er sem hér segir:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár.
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta.
- (D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Einkunnagjöf byggir annars vegar á mati skólans og hins vegar á mati matsaðila. Einkunnagjöfinni er ætlað að auðvelda hópnum að ná málefnalegri niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins og leggja þannig grunn að raunhæfum umbótatillögum.

Í apríl kom tilkynning frá Menntamálastofnun um frestun á framkvæmd ytra mats vegna COVID-19 en um miðjan ágúst var þráðurinn tekinn upp að nýju. Matsaðilar gerðu ítrekaðar tilraunir til að heimsækja skólann á haustdögum, en því miður urðu vendingar varðandi farsóttina og veðurfar til þess að hindra för. Viðtöl voru því tekin með hjálp samskiptaforritsins Microsoft Teams í nóvember og desember 2020. Matsaðilar heimsóttu skólann þann 8. febrúar 2021.

Þau gögn sem matsaðilar nýttu við matið eru eftirfarandi:

- Heimasíða skólans (skólanámskrá), en þangað voru m.a. sóttar upplýsingar um skipulag, stefnu skólans, starfsáætlanir, skólareglur, námsframboð, innra mat, nám- og kennslu og námsmat.
- Skýrslur, s.s. sjálfsmatsskýrslur skólans, ársskýrslur, niðurstöður úr Framhaldsskólalámskrá 2019-2020 og skýrslu um ytra mat 2015.
- Fundargerðir skólanefndar.
- Töluleg gögn frá stjórnendum skólans, m.a. varðandi nemendur og starfsfólk.

- Gögn sem aflað var í viðtölum í nóvember og desember 2020. Rætt var við samtals 40 aðila; stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, foreldra og formann skólanefndar.


Matsaðilar þakka viðmælendum og öllum þeim sem aðstoðuðu við ytra mat á Fjölbautaskóla Snæfellinga kærlega fyrir samstarfið.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN) tók til starfa haustið 2004. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Skólastjórnendur hafa lagt áherslu á að efla fjarnám til að fjölga nemendum, en ekki er rekin heimavist við skólann. Skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum, sem er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. FSN er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem flest námsrými eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð upplýsingatækni sem fléttað er inn í flesta þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á að virkja nemendur í fjölbreyttri verkefnavinnu með það að markmiði að efla ábyrgð þeirra og árangur í námi.

Nemendur

Á haustönn 2020 voru innritaðir nemendur alls 192 talsins, frá hausti 2015 hafa að meðaltali 193 nemendur stundað nám við skólann. Heildarfjöldi nemenda hefur verið nokkuð stöðugur, fæstir voru nemendur á vorönn 2017 eða 134 og flestir á haustönn 2015 eða 219.



Mynd 1. Fjöldi nemenda í stað- og fjarnámi vor og haust 2015-2020.


Þróun í samsetningu nemendahópsins á tímabilinu 2015-2020 hefur verið með þeim hætti að nemendum í staðnámi hefur fækkað og nemendum í fjarnámi fjölgað (mynd 1). Konur eru hlutfallslega fleiri en karlar, eða um 55% á móti 45%. Um 63% nemenda voru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri, þ.e. 16-19 ára (haust 2019).

FSN skilgreinir Snæfellsnes og sunnanverða Vestfirði sem upptökusvæði sitt. Þeir grunnskólar sem starfa á svæðinu eru Grunnskóli Grundarfjarðar, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Laugagerðisskóli, Grunnskóli Snæfellsbæjar, Grunnskólinn í Tálknafirði, Bíldudalsskóli og Grunnskólinn í Vesturbyggð/Patreksskóli. Haustið 2020 komu 77% nemenda af upptökusvæði skólans. Eins og áður hefur komið fram þá má greina aukna aðsókn að fjarnámi og koma fjarnemar víðsvegar að af landinu. Stærstur hluti þeirra kemur af höfuðborgarsvæðinu eða 12% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Búseta nemenda haustið 2020.


Staður	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	22	12%
Reykjanes	3	2%
Akranes/Borgarbyggð	3	2%
Stykkishólmur	47	25%
Grundarfjörður	25	13%
Snæfellsbær	49	26%
Vesturbyggð	15	8%
Tálknafjörður	9	5%
Vestfirðir	1	1%
Norðurland vestra	3	2%
Norðurland eystra	2	1%
Austurland	2	1%
Suðurland	3	2%
Erlendir nemar	5	3%
Samtals	189	100%

Aðsókn nýnema



Mynd 2. Fjöldi nýnema sem hefja nám við skólann að loknum grunnskóla 2015-2020.

Aðsókn nemenda úr grunnskólum á upptökusvæði skólans hefur verið nokkuð stöðug. Undanfarið hafa á bilinu 45-50 nýnemar hafið nám við skólann að loknu grunnskólaprófi eða um 60-65% árgangs. Nýnemar voru þó heldur færri árin 2018 og 2020 (mynd 2). Þar sem nokkrar sveiflur eru í fjölda barna í hverjum fæðingarárgangi þá markast aðsókn nýnema nokkuð af þeim. Á mynd 3 má glöggjt sjá að samanlagður fjöldi barna í 1.-10. bekk í fyrrgreindum grunnskólum árið 2019 er mjög breytilegur.



Mynd 3. Fjöldi barna í 1.-10. bekk grunnskóla á upptökusvæði FSN 2019.

Námsbrautir

Í FSN eru fjórar brautir til stúdentsprófs í boði auk viðbótarnáms til stúdentsprófs. Að auki er boðið upp á tvær framhaldsskólabrautir, fiskeldisbraut og starfsbraut.

Tafla 2. Námsbrautir og uppbygging þeirra.

Námsbraut	Námslok (hæfniþrep)	Kjarni (einingar)	Sérhæfing (einingar)	Bundið val (einingar)	Frjálst val (einingar)	Alls (einingar)
Félags- og hugvísindabraut	3	117	14	45	24	200
Íþróttabraut	3	117	75	-	8	200
Náttúru- og raunvísindabraut	3	117	34	30	19	200
Opin braut	3	117	-	-	83	200
Fiskeldisbraut	2	120	-	-	-	120
Framhaldsskólabraut 1	1	50	-	-	40	90
Framhaldsskólabraut 2	2	55	-	-	35	90
Starfsbraut	1	167	-	-	73	240

Stúdentsbrautirnar eru 200 eininga með námslok á þriðja þrepi. Gert er ráð fyrir að nemendur í fullu námi ljúki því á 6 önnum. Inntökuskilyrði á stúdentsbrautir eru að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi. Til að hefja nám á öðru hæfniþrepi í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunninni B við lok grunnskóla eða lokið fyrsta þreps áfanga í

viðkomandi greinum. Stúdentsbrautir FSN hafa sameiginlegan 117 eininga kjarna en sérhæfing og valáfangar eru mismunandi eftir brautum. Viðbótarnám til stúdentsprófs á 3. hæfnisprepi er ætlað nemendum í starfsnámi. Sérhæfing nemandans felst í starfsnáminu en ljúka þarf námi til stúdentsprófs með samtals 200 einingum. Á framhaldsskólabrautum eru námslok á 1. eða 2. hæfnisprepi og hafa nemendur talsvert val um áfanga, samanlagður einingafjöldi er 99. Náms tími á starfsbraut er fjögur ár og geta nemendur lokið allt að 240 einingum á námstímanum (tafla 2).

Tímamót urðu haustið 2016 þegar nemendur innrituðust í fyrsta sinn á núverandi námsbrautir. Félags- og hugvísindabraut kom í stað félagsfræðibrautar og náttúru- og raungreinabraut í stað náttúrufræðibrautar. Opin braut átti sér ekki forvera en brautin gefur nemendum kost á að hafa meira val um samsetningu námsins en aðrar stúdentsbrautir. Haustið 2020 eru flestir nemendur skráðir á opna braut (65) og félags- og hugvísindabraut (59), aðrar brautir eru mun fámennari.

Tafla 3. Fjöldi nemenda á námsbrautum 2015-2020.

Námsbraut	2015		2016		2017		2018		2019		2020	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
10. bekkur		1										
Almenn braut	42	23		1								
Félagsfræðibraut	33	51	10	19								
Félags- og hugvísindabraut			21	48	25	48	23	44	30	42	33	26
Fiskeldisbraut							1					
Framhaldsskólabraut			13	4								
Framhaldsskólabraut 1					4	2	4	1	7	1	1	1
Framhaldsskólabraut 2					13	7	23	11	18	6	9	12
Íþróttabraut											8	5
Listnámsbraut			1									
Málabraut	2	5										
Náttúrufræðibraut	25	30	10	6			1					
Náttúruvísinda- og raungreinabraut			16	21	20	26	10	20	15	21	9	14
Opin braut			13	18	13	15	11	17	16	42	25	40
Starfsbraut	7		3	2	7	3	8	1	6	2	9	
Viðbótarnám til stúdentsprófs					1				1	1		
	109	110	87	119	83	101	81	94	93	115	94	98
Samtals	219		206		184		175		208		192	

Fjarvistir nemenda og brotthvarf úr skóla

Í FSN er ekki haldið nákvæmt bókhald um mætingu nemenda. Ekki er skyldumæting í allar kennslustundir hvers áfanga. Í fimm eininga áföngum er t.a.m. skyldumæting í tvær kennslustundir, að auki er gert ráð fyrir tveimur verkefnatímum þar sem ekki er um skyldumætingu nemenda að ræða.

Tafla 4. Brotthvarf nemenda frá námi 2015-2020.

Ár	Vor		Haust	
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)
2015	13	7,2	4	1,8
2016	6	2,9	2	0,9
2017	6	3,5	8	4,3
2018	3	1,6	3	1,7
2019	4	2,1	2	0,9
2020	5	2,8	4	2,1

Á árunum 2015-2020 var brotthvarf nemenda frá námi á bilinu 0,9 til 7,2 prósent eða að meðaltali 3,0 % (tafla 4). Þar sem skólinn er fámennur getur hver og einn brotthvarfsnemandi haft töluverð áhrif á hlutfallið. Þó er ljóst að talsvert hefur dregið úr brotthvarfi en það var mest 6% skólaárið 2014-2015.

Brautskráðir nemendur

Á árabílinu 2015-2020 hefur FSN brautskráð alls 192 nemendur af sjö námsbrautum (tafla 5). Að meðaltali brautskráir skólinn 32 nemendur á ári. Flestir brautskrást af félags- og hugvísindabraut og náttúru- og raunvísindabraut og forverum þeirra.

Tafla 5. Fjöldi brautskráðra nemenda eftir námsbrautum 2015-2020.

Námsbraut	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Félags- og hugvísindabraut	15	14	17	11	19	12
Náttúru- og raunvísindabraut	10	17	8	12	6	9
Listnámsbraut	2					
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	2		1	1	
Opin braut til stúdentsprófs		1	6	9	8	3
Starfsbraut		1		2	1	1
Framhaldsskólabraut					1	1
Samtals	29	35	31	35	36	26

Ef horft er til þróunar á fjölda nemenda á námbrautum skólans má ætla að brautskráningum af opinni braut muni fjölga verulega. Meðalnámstími nemenda sem brautskráðust frá skólanum árið 2020 var 7 annir.

Skóladagatal

Skólastarf á haustönn 2020 hófst þann 18. ágúst með nýnemadögum og kennslu á starfsbraut. Kennsla hófst 24. ágúst hjá öðrum nemendum. Samkvæmt skóladagatali voru kennsludagar 66 talsins, en 70 á starfsbraut, og verkefnadagar sjö. Haustfrí taldi tvo daga. Námsmatsdagar án kennslu voru 12 talsins. Brautskráning fór fram þann 19. desember og lokadagur námsmats var 21. desember.

Starfsmannafjöldi og fjöldi stöðugilda haustið 2020.

Við FSN störfuðu haustið 2020 alls 32 starfsmenn í 25,73 stöðugildum. Karlar voru 11 talsins í 9,01 stöðugildum og konur 21 talsins í 16,72 stöðugildum. Enginn stundakennari starfaði við FSN haustið 2020.

Tafla 6. Störf og stöðugildi

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari			1	1
Aðstoðarskólameistari			1	1
Námsráðgjafi			1	0,6
Fjármálastjóri			1	1
Deildarstjórar			2	2
Framhaldsskólakennari/-ar	5	4,77	10	6,82
Leiðbeinandi/-ur	2	1,74	1	1
Kerfisstjóri	1	0,25		
Mannauðsstjóri	1	0,25		
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Ræstitæknir/-ar			2	0,75
Fulltrúi á skrifstofu			1	0,9
Matreiðslumeistari	1	1		
Starfsmaður mötuneytis			1	0,65
Þroskaþjálfari			1	1
Samtals	11	9,01	21	16,72

Menntun kennara

Allir kennarar skólans eru með menntun í þeim greinum sem þeir kenna eða skyldum greinum. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum hafa níu kennarar lokið BA/BS/BEd prófi og eru með kennsluréttindi. Átta kennarar eru með MA/MS/MEd próf og kennsluréttindi. Einn kennari er með Ph.D próf auk kennsluréttinda. Þrír leiðbeinendur starfa við kennslu, þeir hafa allir lokið BA prófi og stunda nám til kennsluréttinda.

Starfsaldur og starfsmannavelta

Meðal starfsaldur starfsfólks skólans er 7 ár. Þá hafa 20 af 32 starfsmönnum starfað við skólann 5 ár eða lengur. Starfsmannafjöldi hefur verið stöðugur á árabílinu 2015-2020.

Starfsmannavelta FSN kemur fram í töflu 7. Að jafnaði láta einn til tveir af störfum ár hvert og nýráðningar eru að jafnaði ein til tvær á ári.

Tafla 7. Starfsmannavelta

	Ársverk	Vorönn	Haustönn	Fjöldi sem lætur af störfum	Nýráðningar
2015	23,2	33	33	7	7
2016	22,9	31	37	2	6
2017	23,8	33	37	4	5
2018	24,0	33	33	8	5
2019	24,1	30	34	6	7
2020	26,5	34	33	3	3

Forföll kennara

Á haustönn 2018 vantaði kennara í 184 kennslustundir og 285 kennslustundir á vorönn. Að sögn skólameistara er allt kennsluefni í kennsluumsjónarkerfinu Moodle og nemendur geta því sinnt námi sínu þó svo að kennarar forfallist í einn og einn dag.

Þriggja ára áætlun 2020-2022

Skólinn hefur sett fram áætlun til næstu þriggja ára í samræmi við áherslu mennta- og menningar- málaráðuneytis á stefnumiðaða áætlanagerð. Skólinn hyggst vinna að eftirtöldum markmiðum:

1. Auka aðgengi að tækni-, starfs- og framhaldsnámi þar sem gæði eru tryggð.
2. Fylgst verði með hlutfallslegri aukningu á útskriftum af brautum. Staðan verði tekin eftir fjögur ár frá innritun.
3. Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleikum við skólann.
4. Efla mannauð skólans, allir nemendur og allt starfsfólk verði metið að verðleikum.
5. FSN taki fullan þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.
6. Allar stefnur verði uppfærðar og skólanámskrá skrifuð.

Áhrif COVID-19 á skólastarfið

COVID-19 faraldurinn hafði áhrif á skólastarf vor- og haustannar 2020. Neyðarstigi almannavarna var lýst yfir þann 6. mars. Neyðarstjórn skólans var skipuð skólameistara, aðstoðarskólameistara, deildarstjóra á Patreksfirði, fjármálastjóra, ráðgjafa, umsjónarmanni fasteigna og skólafulltrúa. Árshátíð var haldin 12. mars með borðhaldi og skemmtiatriðum en dansleikur felldur niður vegna faraldursins. Daginn eftir tilkynntu yfirvöld um samkomubann sem tók gildi 16. mars. Framhaldsskólum var þá lokað og kennsla færð yfir í fjarkennslu. Nemendur FSN stunduðu námið í gegnum internetið. Skólinn var vel undir breytingarnar búinn að sögn skólameistara og gekk kennslan vel. Áfram var kennt samkvæmt stundaskrá vorannar. Nemendur mættu í tíma á netinu, skiluðu verkefnum og tóku próf. Kennarar kenndu heiman frá sér og hittu nemendur með hjálp forritsins Microsoft Teams. Kennsluefnið var aðgengilegt á Moodle líkt og áður og því var skrefið ekki stórt sem þurfti að taka. Sumir kennarar tóku upp kennsluefni og gerðu aðgengilegt á netinu, t.d. stærðfræðikennarar sem tóku upp sýnidæmi og settu inn í Moodle. Í mörgum áföngum voru umræðuhópar á netinu. Brautskráning á vorönn fór fram samkvæmt áætlun þann 29. maí.

Skólalald á haustönn litaðist einnig af faraldurinum. Takmarkanir tóku mið af ástandi og reglugerðum um sóttvarnir hverju sinni. Í upphafi annar máttu 100 manns koma saman með eins metra náandarreglu. Nýnemar og nemendur í framhaldsdeild á Patreksfirði gátu mætt í skólahúsnaði. Öðrum nemendum var skipt í hópa eftir stafrófsröð og mættu þeir ákveðna daga en voru heima hina dagana. Kennsla fór fram skv. stundaskrá í Moodle og á Teams. Þann 7. september voru samkomutakmarkanir rýmkaðar og máttu þá 200 manns koma saman, allir nemendur FSN gátu þá mætt í skólann. Bakslag kom upp seinni partinn í september, vegna COVID-19 smita á Snæfellsnesi, og færðist þá allt nám á netið. Hertar samkomutakmarkanir yfirvalda tóku gildi í október en þá máttu einungis 30 manns vera í sama rými í framhaldsskólum. Gera þurfti ráð fyrir tveggja metra nálægðarmörkum ásamt grímuskyldu ef ekki reyndist unnt að uppfylla tveggja metra viðmiðið. Frá 19. október og til loka haustannar var skólalaldi þannig hátt að nýnemar, nemendur á starfsbraut og nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði gátu mætt í skólann en öll kennsla fór þó að mestu fram á Teams og í Moodle. Einstaka hópar gátu mætt í skólann samkvæmt stundatöflu eða á öðrum tímum sem voru þá tilkynntir á heimasíðu. Grímuskylda var í skólanum og tveggja metra náandarregla. Eldri nemendur áttu kost á að mæta í skólann til að læra eða vinna hópverkefni, ef það samrýmdist fjöldatakmörkunum. Starfi nemenda lauk með sjö verkefnadögum þann 9. desember. Samkvæmt venju voru engin lokapróf haldin í desember og brautskráning fór fram þann 19. desember samkvæmt áætlun.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverkum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		SM		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	S	M		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		S	M	
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S		M	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	S	M		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	M	S		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	M	S		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		S	M	
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		S	M	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		SM		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólaeignum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	S		M	
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	S	M		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		S	M	

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.				SM
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.		S	M	
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		SM		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S		M	
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	S	M		

Páttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	SM			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	S	M		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	SM			
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	SM			
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	S	M		

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	S	M		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	S			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, er stuðlað að námshvatningu, eru nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	S			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	S	M		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	SM			
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.	S	M		

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	SM			
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.			SM	
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.				SM

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrími. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í Lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	S	M		

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	M	S		

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	M	S		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	SM			

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			M	S
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	S	M		
56. Foreldraráð styður við skólastarfið og gætir hagsmuna nemenda.				SM

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða prepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.				S
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.				S

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	SM			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.		SM		
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	SM			
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.		SM		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastigi eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		S	M	
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		S	M	
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		SM		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		S		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		S		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		S		
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		S		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		S		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		S		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				SM
77. <i>Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.</i>	S			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Umsögn matsaðila um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Um stefnur og áætlanir

Upplýsingar um hlutverk skólans og áherslur í starfi eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Þar segir:

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.

Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfs gagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar. (Heimasíða skólans – <https://www.fsn.is/is/skolinn/stefnur/stefna-fsn-til-thriggja-ara>).

Einkunnarorð skólans eru *Framsækinn framhaldsskóli* (Sjálfsmatsskýrsla FSN 2019-2020).

Um nokkurt skeið hafa verið uppi áform um að endurskoða stefnu skólans með það að markmiði að skerpa á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn. Settar hafa verið fram áætlanir til næstu þriggja ára varðandi þau verkefni sem skólinn hyggst vinna að í samræmi við áherslu mennta- og menningarmálaráðuneytis á stefnumiðaða áætlanagerð. Þá hefur skólinn markað sér skýra stefnu varðandi kennsluhætti og námsmat (sjá nánar í kafla 2). Mikilvægt er að hrinda áformum um endurskoðun á meginstefnu skólans í framkvæmd, með það að leiðarljósi að skerpa á áherslum, framtíðarsýn og meginverkefnum til lengri og skemmri tíma. Þá er ekki síður mikilvægt að fylgja áherslum í stefnu skólans eftir með markvissri forystu stjórnenda og formlegu mati sjálfsmatsnefndar/gæðaráðs.

Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Skólinn hefur unnið að mótun stefnu í ýmsum málaflokkum og birt á heimasíðu sinni. Flestar þeirra tilgreina markmið og helstu verkefni. Jafnréttisstefnu skólans er fylgt eftir með jafnréttisáætlun og launa- og jafnlaunastefnu og hlaut skólinn nýverið jafnlaunavottun. Í öðrum tilvikum vantar að fylgja stefnumörkun betur eftir með tímasettri innleiðingaráætlunum og árangursviðmiðum. Þá hefur skólinn einnig birt á heimasíðu sinni verkferla er varða ýmsa þætti skólastarfsins s.s. varðandi viðbrögð við áföllum, einelti, illviðri, eldsvoða (rýmingu húsa), hópslysi, ofbeldi, sótt- og smit-sjúkdómum, náttúruhamförum, hryðjuverkaárásum og COVID-19. Þá hefur skólinn einnig mótað

verkferla varðandi skjalavörslu, móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku, móttöku nýrra starfsmanna og komu nemenda úr grunnskólum á Snæfellsnesi í framhaldsskólann. Um þessar mundir er skólinn að vinna að innleiðingu grænna skrefa og heilsustefnu. Mikilvægt er að kanna með markvissum hætti hvort unnið sé samkvæmt þeim verkferlum sem skólinn hefur sett sér og betrubæta (þróa áfram) í ljósi reynslunnar.


Almennar skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans ásamt reglum um m.a. skólasókn, umgengni, verkefnaskil, meðferð heimilda og ritstuld, tölvunotkun, nemendaferðir, námsframvindu og prófhald. Þá hefur skólinn birt tímabundna viðbót við skólareglur varðandi COVID-19. Upplýsingar um viðurlög við brotum á reglum skólans eru fremur almennt orðaðar og mikilvægt að samræma betur texta um viðurlög og tilgreina með skýrum hætti þá verkferla sem gilda við beitingu þeirra (m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum).

Um stjórnendur

Þar sem FSN er fámennur skóli eru það fyrst og fremst skólameistari og aðstoðarskólameistari sem gegna stjórnunarhlutverkum við skólann. Haustið 2019 tók mannauðsstjóri til starfa, í 25% starfs- hlutfalli, og hefur hann tekið við verkefnum sem áður voru á hendi stjórnenda, má þar m.a. nefna jafnlaunavottun, persónuverndarstefnu og gæðamál. Að mati stjórnenda er verkaskipting þeirra á milli skýr. Starfslýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, þar vantar að gera grein fyrir störfum húsaumsjónarmanns og mannauðsstjóra. Skipurit skólans er komið nokkuð til ára sinna og tekur því ekki fyllilega mið af starfseminni eins og hún er í dag. Skipuritið er í endurskoðun.

Viðmælendur voru almennt sammála um að stjórnendur skólans nyttu trausts og að ánægja væri með störf þeirra. Þá var skólameistari talinn veita skólanum faglega forystu sem m.a. birtist í áhuga hennar á nýbreytni í kennsluháttum og ríkulegri hvatningu til starfsfólks um að prófa nýjungar og þróa eigin starfshætti. Fram kom að aðgengi að stjórnendum væri gott og að skólameistari leitaðist við að vera sýnilegur í skólanum og miðla upplýsingum m.a. með vikulegum tölvupósti til starfsfólks og nemenda.

Starfsfólk skólans hefur tekið þátt í könnun SFR/Sameykis um stofnun ársins og hefur þátttaka innan FSN almennt verið góð. Meðaleinkunn skólans á tímabilinu 2015-2020 er 4,23, meðaleinkunn stjórnunar á umræddu tímabili er einnig 4,23. Í umræddri könnun telst FSN vera meðalstór stofnun og hefur í samanburði við aðrar stofnanir með sambærilegan starfsmannafjölda verið í 3 til 23 sæti (sjá mynd 4).



Mynd 4. Röðun FSN skv. könnuninni Stofnun ársins á tímabilinu 2015-2020.

Upplýsingar um skólaráð og skólanefnd eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Engir fundir voru haldnir í skólaráði á sl. ári og afar óreglulega fyrir þann tíma. Einungis einn fundur var haldinn í skólanefnd árið 2020. Áform hafa verið uppi um að fjölga fundum í skólanefnd og hafa þá jafnframt styttri en þau áform hafa af ýmsum ástæðum ekki gengið eftir. Húsfundir eru haldnir einu sinni á önn að jafnaði, um er að ræða lýðræðislega samráðsfundi starfsfólks og nemenda. Umræðuefni á húsfundum varða ýmsa þætti í starfi skólans, s.s. kennsluhætti, námsmat, verkefnaskil, skólasókn, félagslíf nemenda, skólahúsnæðið og hvernig hægt sé að fá betri svörun í könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur.

Fastsetja þarf betur fundi í skólaráði og skólanefnd. Mikilvægt er að nýta sem best formlegan vettvang s.s. starfsmanna-/kennarafundi, húsfundi, skólaráð og skólanefnd til umræðu og ákvarðanatöku og tryggja þannig aðkomu allra hlutaðeigandi að málum og ákveðið gagnsæi. Þá þarf einnig að tryggja betur aðkomu allra haghafa að stefnumörkun fyrir skólann.

Um innra mat

Sjálfsmatsnefnd skólans annast reglubundið mat á tilteknum þáttum í starfsemi skólans. Heiti nefndarinnar var nýlega breytt í gæðaráð. Gæðaráð vinnur nú að mótun gæðastefnu fyrir skólann. Skýrsla um niðurstöður matsverkefna er gefin út árlega og er aðgengileg á heimasíðu skólans, þar er jafnframt að finna sjálfsmatsáætlun skólans til næstu þriggja ára. Sjálfsmat skólans er í nokkuð föstum skorðum og einkum fólgið í viðhorfskönnunum og rýnivíðtölum við nemendur skólans. Viðhorfskannanir eru lagðar fyrir einu sinni á hverri önn. Að hausti er lögð áhersla á að kanna líðan nemenda og viðhorf þeirra til félagslífs og þjónustu skólans. Að vori er leitað eftir viðhorfum nemenda til náms og kennslu. Nefndin hefur að undanförnu leitað leiða til að auka þátttöku nemenda í fyrrgreindum könnunum en hún hefur á árabílinu 2016-2020 verið að meðaltali 37%. Í rýnihópavíðtölum við útskriftarnema er leitað eftir viðhorfum þeirra til ýmissa þátta í skólastarfinu, fjöldi viðmælenda á hverri önn er á bílinu þrjú til sjö.

Kennslukannanir eru lagðar fyrir nemendur á hverri önn, þær fara þannig fram að nemendur eru beðnir um að nefna eitt jákvætt atriði og annað varðandi það sem betur má fara í kennslu viðkomandi áfanga. Notast er við forritið LimeSurvey við úrvinnslu upplýsinga. Kennsla hvers kennara er metin með þessum hætti á þriggja anna fresti og niðurstöður einungis aðgengilegar viðkomandi kennara og skólameistara.

Gerð var könnun á viðhorfum foreldra til skólastarfsins vorið 2018, svör bárust frá 31% foreldra.

Í sjálfsmatsskýrslum skólans á tímabilinu 2016-2020 er fjallað um ýmsa þætti sem varða ekki beinlínis niðurstöður mats á innra starfi skólans. Slíkar upplýsingar geta engu að síður verið gagnlegar og ættu því mögulega betur heima í ársskýrslu skólans. Framsetning á niðurstöðum matsverkefna er nokkuð breytileg eftir árum, þannig vantar t.d. alla myndræna framsetningu á niðurstöðum í sjálfsmatsskýrslum tveggja síðustu ára. Umbótaáætlanir taka fyrst og fremst mið af umbótaverkefnum skólans sem skilgreind voru í kjölfar ytra mats árið 2015, tengsl umbótaáætlunar við niðurstöður matsverkefna á viðkomandi skólaári mættu því að vera skýrari.

Niðurstöður innra mats eru kynntar á starfsmannafundum og eftir atvikum á húsfundum. Þá eru niðurstöður innra og ytra mats reglulega til umræðu á fundum skólanefndar. Í víðtölum við nemendur kom fram að niðurstöður viðhorfskannana væru stundum kynntar og ræddar á húsfundum

og í kjölfarið leitað eftir tillögum frá þeim varðandi umbætur. Stundum næðu tillögur þeirra fram að ganga en ekki alltaf. Allar sjálfsmatsskýrslur skólans eru aðgengilegar á heimasíðunni.

Þar sem skólinn hefur frá upphafi haft ákveðna stefnu varðandi nám, kennslu og námsmat er mjög jákvætt að áhersla sé lögð á að fylgjast með viðhorfum nemenda hvað þá þætti varðar. Í ljósi þess að matinu er ætlað að taka til mun fleiri þátta í skólastarfinu er mikilvægt að skoða sjálfsmatsáætlunina með hliðsjón af því. Í öllu mati er einnig mikilvægt að setja mælanlegar niðurstöður fram með skýrum/myndrænum hætti, bera ný gögn saman við fyrri niðurstöður og setja fram skýr matsviðmið þegar það á við. Í viðtölum kom fram að reynt væri að bregðast fljótt og vel við úrlausnarefnum í kjölfar sjálfsmatsins og er það vissuleg mjög jákvætt, en til þess að halda öllum úrlausnarefnum til haga væri jafnframt æskilegt að ská þau og fylgja þeim markvisst eftir í umbótaáætlun skólans. Eins og áður hefur komið fram eru tiltekin verkefni skilgreind í þriggja ára áætlun og spurning hvort það myndi auðvelda/einfalda yfirsýn að sameina öll umbótaverkefni skólans undir einum hatti.

Styrkleikar

- Aðgengi starfsfólks og nemenda að stjórnendum er gott.
- Stjórnendur hvetja til starfsþróunar og veita nauðsynlegan stuðning.
- Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.
- Skólinn hefur mótað stefnu í ýmsum málaflokkum og birt á heimasíðu sinni.
- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu varðandi kennsluhætti og námsmat.
- Settar hafa verið fram áætlanir til næstu þriggja ára varðandi þau verkefni sem skólinn hyggst vinna að í samræmi við áherslu mennta- og menningarmálaráðuneytis á stefnu-miðaða áætlanagerð.
- Hefð er fyrir því að sjálfsmat fari fram með reglubundnum hætti og eru niðurstöður sjálfsmats gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Skerpa þarf á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans.
- Tryggja þarf betur aðkomu allra haghafa að stefnumörkun fyrir skólann.
- Fylgja þarf stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu og eftirfylgd.
- Samræma þarf texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum.
- Fastsetja þarf betur fundi í skólanefnd.
- Fastsetja þarf fundi í skólaráði og nýta þann vettvang með markvissari hætti til umræðna og ákvarðanatöku.
- Umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslu taki í auknu mæli mið af niðurstöðum innra mats.
- Setja þarf niðurstöður innra mats fram með skipulegri (myndrænum) hætti og bera mælingar saman við fyrri niðurstöður þegar það á við.
- Setja þarf fram skýr matsviðmið og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim.

Umsögn matsaðila um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Um námsframboð

Í FSN er fyrst og fremst lögð áhersla á bóklegt nám. Boðið er upp á fjórar námsbrautir til stúdentsprófs, þ.e. hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, íþróttabraut og opna braut. Nemendum gefst einnig kostur á að ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Að auki er boðið uppá tvær námsleiðir til framhaldsskólaprófs þ.e. framhaldsskólabraut 1 og 2, þá er starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningar starfrækt við skólann. Lýsingar á námsbrautum skólans eru aðgengilegar á heimasíðunni og hafa þær allar hlotið formlegt samþykki. Nú nýlega fékkst formlegt samþykki fyrir bóklegum hluta náms á fiskeldisbraut en starfsnámshluti hennar er enn í vinnslu. Þá hafa verið uppi hugmyndir um að þróa nám á fisktækniþraut í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtæki á Grundarfirði auk námslínu á sviði nýsköpunar.

Skólinn tekur þátt í samstarfi framhaldsskóla um Fjarmentaskólann, markmið hans er að auka fjölbreytni í námi nemenda með því að bjóða þeim að ljúka námsáföngum við samstarfsskóla. Skólinn er einnig aðili að samstarfsverkefni framhaldsskóla um eflingu starfsnáms á landsbyggðinni, þar sem markmiðið er að gefa nemendum kost að stunda starfsnám í heimabyggð. Þar sem fjölbreytileiki í námsframboði skóla ræðast að verulegu leyti af fjölda þeirra nemenda sem stunda þar nám þá hefur skólinn lagt áherslu á að fjölga fjarnemum.

Um nám og kennslu

Allt frá stofnun skólans hefur verið lögð áhersla á vinnu nemenda og kennara í opnu rými og verkefnaað nám. Upplýsingar um áherslur skólans hvað þetta varðar eru aðgengilegar á heimasíðunni. Í viðtölum kom fram að ávinningur af því að vinna í opnu rými væri m.a. að nemendur vendust því að vinna við þær aðstæður sem biðu þeirra í framtíðinni.

Samkvæmt upplýsingum um skipulag á daglegu starfi voru fastir tímar í stundaskrá fjórir eða samtals 200 mínútur og einn 40 mín. verkefnatími. Á vorönn 2021 eru uppi áform um að hafa tvo fasta tíma í stundaskrá, samtals 120 mín. og tvo verkefnatíma, samtals 120 mín. Þessi breyting er gerð í tilraunaskyni m.a. vegna fækkunar í hópi staðnema og áhrifa af COVID-19. Nemendum í staðnámi ber að mæta í kennslustundir en meira svigrúm er gefið varðandi mætingu í verkefnatíma. Í kennslustundum kynna kennarar viðfangsefni vikunnar og leggja fyrir verkefni. Lögð er áhersla á að nemendur vinni jafnt og þétt og ljúki námi sínu að mestu á skólatíma, verkefnaskil eru alla jafna í vikulok. Reglur varðandi verkefnaskil eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Upplýsingar um hæfniviðmið og fyrirkomulag náms og kennslu eru birtar í kennsluáætlun kennara. Við athugun á kennsluáætlunum mátti glögggt greina áherslu skólans á verkefnavinnu af ýmsu tagi, þá er einnig unnið með vinnubækur í nokkrum áföngum auk þess sem könnunarpróf eru lögð fyrir nemendum reglulega yfir önnina. Nánari lýsingar á verkefnum og verkefnaskilum eru aðgengilegar nemendum í kennsluumsjónarkerfinu Moodle. Nemendur í fjarnámi eru í námshópum með staðnemum og fylgja sömu kennsluáætlun.

Í viðtölum mátti greina almenna ánægju starfsfólks með áherslu skólans á verkefnaþátt námi, um væri að ræða ákveðna sérstöðu skólans sem mikilvægt væri að halda á lofti. Með því að leggja áherslu á verkefnaþátt námi væri leitast við að auka ábyrgð, virkni og árangur nemenda í námi og auka hæfni þeirra í sjálfstæðum vinnubrögðum, skapandi hugsun, samvinnu og meðferð og miðlun upplýsinga. Hlutverk kennara væri fyrst og fremst að stýra vinnu nemenda og veita þeim leiðsögn.

Samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlsi 2019-2020 segjast 76,8% nemenda vera mjög/frekar ánægðir með skólann sinn, sem raunar er marktækt lægra hlutfall samanborið við svör nemenda annarra framhaldsskóla. Í viðtölum við nemendur mátti hins vegar greina almenna ánægju með áherslu skólans og í viðhorfskönnun sem gerð var haustið 2019 sögðust 92% nemenda vera mjög/frekar ánægðir með að vera í FSN. Nemendur voru þeirrar skoðunar að fyrirkomulag náms og kennslu væri þægilegt þar sem náminu væri sinnt jafnt og þétt og kröfurnar oftast hæfilegar. Þess má geta að skv. könnuninni Ungt fólk 2020 voru 93% nemenda frekar eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að gerðar væru kröfur til þeirra í náminu. Nemendur sögðu verkefnið vera mjög mismunandi eftir námsgreinum, í sumum greinum væri lögð megináhersla á vinnubækur og hluta-próf en í öðrum væru verkefni fjölbreyttari og áhersla lögð á margskonar form á skilum.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar Ungt fólk 2020 voru 93% nemenda FSN frekar eða mjög sammála staðhæfingunni - *ég á auðvelt með að fá ráðgjöf frá kennara*, hlutfallið var 65% árið 2018. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólapúlsi 2019-2020 voru um 70% nemenda þeirrar skoðunar að kennarar sýndu námi þeirra áhuga og leituðust við að veita aðstoð í flestum eða nær öllum tilvikum. Þá virðast rökræður og skipulegar umræður vera marktækt algengari í FSN samanborið við aðra skóla þar sem 55,6% nemenda telja að það eigi oft/alltaf eða næstum alltaf við. Hið sama gildi um áherslu kennara á að nemendur beiti því sem þeir hafa lært í nýju samhengi en það átti oft/alltaf eða nær alltaf við að mati 48% nemenda.

Áformað er að skerpa enn frekar á áherslum skólans varðandi nám og kennslu með því m.a. að efla vendikennslu (sbr. þriggja ára áætlun), opna salinn enn frekar með því að fjarlægja lausa vegg, skilgreina föstudaga sem verkefnadaga utan skólans þ.e. á Teams og skipuleggja skólastarfið í enn ríkara mæli með eflingu fjarnáms að leiðarljósi.

Um námsmat

Skólinn hefur skilgreint þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur þurfa að búa yfir við námslok á öllum námsbrautum skólans. Þá hefur skólinn jafnframt skilgreint þá hæfni sem nemendum er ætlað að búa yfir við lok náms í sérhverjum áfanga. Upplýsingar um námsbrautir skólans og áfanga eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Loks má geta þess að við lok hvernar annar vinna nemendur lokaverkefni í flestum áföngum þar sem lagt er mat á þá hæfni sem nemendur hafa öðlast við lok viðkomandi annar. Nemendur ljúka að auki sérstökum lokaverkefnisáfangum við lok náms í skólanum.

Að mati stjórnenda og kennara eru þær kröfur sem gerðar eru til nemenda í samræmi við fyrrgreind markmið.

Á undanförunum árum hefur skólinn lagt áherslu á símat í stað lokaprófa. Skólaárið 2017-2018 var ekki gert ráð fyrir prófdögum í skóladagatali og hefur því fyrirkomulagi verið haldið síðan.

Á heimasíðu skólans kemur fram að símat og þá sérstaklega leiðsagnarmat falli mjög vel að áherslu skólans á verkefnaþátt náms. Í leiðsagnarmati (leiðsagnarnámi) er megináhersla lögð á stöðuga endurgjöf kennara og gegnir leiðsögnin því lykilhlutverki í námsferli nemenda. Náminu eru sett skýr hæfniviðmið og nemandinn skilgreinir eigin markmið með hliðsjón af þeim. Leiðsögn kennara er fólgin í því að aðstoða nemendur við að meta hvar þeir eru staddir hverju sinni og hvaða skref þurfi að taka til að ná settu marki. Með leiðsagnarmati er þess vænst að nemendur átti sig betur á þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra og geti með markvissri leiðsögn náð betri tókum á námi sínu. Í sjálfsmatsskýrslu FSN 2016-2017 kemur fram að markmið skólans með innleiðingu leiðsagnarmats séu einkum þessi:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda.
- Nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun.
- Bæta námsárangur og ástundun.
- Minnka brottfall.
- Bæta líðan nemenda í skólanum.
- Auka samvinnu kennara.
- Skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats.

Þar sem rík áhersla er lögð á verkefnavinnu nemenda í kennslu- og vinnustundum má segja að kennarar veiti í raun óformlega leiðsögn í daglegu starfi með nemendum. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólalámsmælingu 2019-2020 mældist tíðni leiðsagnarmats marktækt hærrí í FSN samanborið við aðra framhaldsskóla. Þar kemur m.a. fram að 47% nemenda telja að kennarar láta þá oft/alltaf eða næstum alltaf vita hvernig þeim gengur í náminu og 43% nemenda voru þeirrar skoðunar að kennarar segðu nemendum oft/alltaf eða næstum alltaf hvað þeir þyrftu að gera til að ná betri árangri í námi.

Kennarar leggja mat á verkefni nemenda með umsögn og/eða einkunn. Í sumum tilvikum gefst nemendum kostur á að fá umsögn/mat á verkefnum fyrir lokaskil. Tvisvar á önn fá nemendur umsagnir um stöðu sína í viðkomandi áföngum ásamt einkunn í bókstöfum. Í umsögn kennara er lögð áhersla á að benda á tvö jákvæð atriði og eitt sem mætti bæta. Umsagnir eru skráðar í INNU og eru að auki aðgengilegar umsjónarkennara, stjórnendum og foreldrum. Lokaeinkunnir eru gefnar í tölum frá 1-10, lágmarkseinkunn er 5,0. Nánari upplýsingar um þau viðmið sem liggja að baki hverri og einni einkunn á þessum skala er ekki að finna á heimasíðu skólans.

Í viðtölum við rýnihópa nemenda kom fram að flestir kennara legðu sig fram um að leiðbeina nemendum og veita skjóta endurgjöf, sumir kennarar væru þó heldur lengi að bregðast við. Þá kom einnig fram að umsagnir kennara mættu stundum vera ítarlegri (veita skýrari/nákvæmari leiðsögn). Fram kom að nemendur hefðu einhverskonar matsviðmið til hliðsjónar í vinnu við stærri verkefni, óljóst er hvort slík viðmið séu þeim almennt aðgengileg. Þá hefur ekki verið athugað sérstaklega hvaða nálganir leiðsagnarmats eru í raun notaðar í daglegu starfi með nemendum.

Nemendur sögðust almennt vera ánægðir með fyrirkomulag námsmats og töldu það valda minna stressi að þurfi ekki að fara í lokapróf. Í sjálfsmatsskýrslum skólans má þó ítrekað greina áhyggjur útskriftarnema af ónógum undirbúningi þeirra varðandi próftöku þegar komið er í háskóla. Svipuð sjónarmið komu fram í könnun sem lögð var fyrir foreldra vorið 2018, þar var bent á að með lokaprófum, sem giltu 20-30% af lokaeinkunn, fengju nemendur reynslu af slíkri próftöku.

Innan sjálfsmatshóps FSN hefur nú í nokkur ár verið rætt um nauðsyn þess að skoða hversu vel skólinn er að ná þeim markmiðum sem leiðsagnarmatinu voru sett í upphafi (sbr. hér frammar) og þá jafnframt áhrif þess að leggja af öll lokapróf. Í ljósi þess hversu mikilvægt það er að fylgja þróunarverkefnum eftir með formlegu mati þá þyrfti slík athugun að fara fram sem fyrst.

Niðurstöður námsmats eru rýndar af hálfu kennara í sjálfsmatsskýrslu/áfangaskýrslu þeirra sem skilað er til skólameistara við lok hvernar annar. Skólameistari rýnir einnig niðurstöður námsmats ásamt sjálfsmatsskýrslu/áfangaskýrslu kennara og ræðir í kjölfarið við þá. Skólinn hefur ekki stuðst við mælanleg viðmið varðandi framfarir og árangur nemenda í námi en að mati stjórnenda er námsárangur nemenda almennt góður.

Ekki er hægt að meta kennsluhætti og námsmat út frá öðrum gögnum en þeim sem aðgengileg eru á heimasíðu skólans og/eða fengust með viðtölum við þátttakendur. Til að fá gleggri mynd hefðu matsaðilar þurft að afla mun ítarlegri gagna og gera vettvangsathuganir á daglegu starfi skólans í tiltekinn tíma.

Um kennara

Kennarar við FSN eru flestir með fagmenntun og kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna (sjá nánar bls. 14). Undanfarið hefur nokkur endurnýjun orðið í kennarahópnum og ungum kennurum fjölgað. Þrír fyrrverandi nemendur skólans eru nú í hópi kennara. Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Þar sem nám og kennsla fer að mestu fram í opnu rými gefast kennurum ýmis tækifæri til að læra hver af öðrum. Innleiðing nýliða að náms- og kennsluháttum skólans gengur því að sögn stjórnenda almennt vel fyrir sig. Fram kom að vissulega væri það áskorun fyrir kennara að vera berskjaldaðir með þessum hætti en flestir næðu þó að venjast fyrirkomulaginu. Kennarar voru almennt ánægðir með fyrrgreindar áherslur skólans, fram kom að fagmennska og samheldni ríkti innan hópsins og kennarar ættu því auðvelt með að leita eftir áliti og stuðningi hjá samstarfsfólki.

Formlegt samstarf kennara snýr einkum að kennslu samþættra námsáfanga og hafa þeir verið hvattir til að prófa og þróa áfanga í slíku samstarfi. Á vorönn 2017 var áfanginn ÍSJA2EJ05 kenndur í fyrsta sinn en hann fjallar um Eyrbyggjasögu og jarðfræði Snæfellsness. Áfanginn er þverfaglegur og áhersla lögð á jarðfræði Snæfellsness, Eyrbyggjasögu og þjóðsögur af svæðinu. Á haustönn 2020 var áfangi um sakamál (SAKA2SA05) kenndur í fyrsta sinn, þar var leitast við að samþætta námsgreinarnar líffræði og sálfræði.

Þar sem skólinn leggur áherslu á að vera leiðandi í þróun upplýsingatækni, nýbreytni í kennsluháttum og námsmati hafa kennarar verið hvattir til að sækja sér endurmenntun á þeim sviðum. Þá hefur skólinn unnið að nokkrum þróunarverkefnum þar sem lögð hefur verið áhersla á nýbreytni í kennsluháttum og námsmati. Má þar nefna að tveir kennarar FSN sóttu námskeið í fjarkennslu sem fram fór í Grikklandi sumarið 2019. Námskeiðið var hluti af starfsþróunarverkefninu „Every teacher

flipped". COVID-19 varð til þess að fresta lokum námskeiðsins. Við upphaf skólaárs haustið 2018 var haldið námskeið um leiðsagnarmat, Chris Harrison prófessor við King's College í London hélt þá erindi fyrir kennara. Í desember 2018 festi skólinn kaup á tveimur fjarkennsluvélmönnum eða fjarverum. Með tilkomu þessa búnaðar geta nemendur hvar sem er í heiminum verið á staðnum, hreyft sig um og tekið virkari þátt í kennslustundum. Hið sama gildir um kennara þeir geta á sama hátt verið staðsettir hvar sem er í heiminum og átt samskipti við nemendur með þessum hætti. Námsáföngum þar sem boðið er upp á nám í upplýsingatækni og forritun hefur fjölgað og fékk skólinn styrk frá *Forritarar framtíðar* og í framhaldi af því fór einn kennari skólans á námskeið í forritun. Skólinn eignaðist þrívíddarprentara vorið 2018 og hefur hann verið nýttur í ýmsum áföngum. Upplýsingar um þróunarverkefni eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Stjórnendur skólans hafa hvatt kennara til að heimsækja og kynna sér nýjungar í öðrum framhaldsskólum og jafnframt fengið fulltrúa annarra framhaldsskóla í heimsókn með kynningar á áhugaverðum nýjungum. Þá hafa kennarar kynnt starfsemi skólans, m.a. á sviði leiðsagnarmats, í öðrum framhaldsskólum.

Skilgreind endurmenntunar-/starfsþróunarstefna skólans liggur ekki fyrir, starfsþróun kennara hefur því fyrst og fremst tekið mið af áhugasviðum þeirra og þeim tækifærum sem bjóðast hverju sinni. Þá hefur skólinn ekki tekið saman upplýsingar um hvort og þá hvaða námstækifæri starfsfólk hefur nýtt til þessa. Fyrir liggur að taka slíkar upplýsingar saman og skilgreina í framhaldinu megináherslur í starfsþróun kennara m.a. með hliðsjón af stefnu og framtíðarsýn skólans.

Eins og áður hefur komið fram þá kannar sjálfmatsnefnd skólans viðhorf nemenda til kennslu kennara með reglubundnum hætti. Skólameistari ræðir við kennara um starf þeirra í árlegum starfsmannasamtölum, þá fer einnig fram samtal þeirra á milli um ársskýrslur/sjálfsmatsskýrslur kennara í lok annar og niðurstöður kennslukannana þegar það á við.

Um námsgögn

Eins og fram hefur komið þá hefur skólinn frá upphafi lagt áherslu á notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Allir kennarar nota kennsluumsjónarkerfið Moodle og setja þar inn flest það sem varðar nám nemenda, að auki er notast við kennslubækur, rafrænar gagnaveitur auk margskonar upplýsinga á veraldarvefnum. Í viðtölum við nemendur kom fram að ekki væri mikið um notkun á ýmsum smáforritum (öppum) í tengslum við nám og kennslu. Nemendur nota eigin fartölvur í skólanum, eins og áður hefur komið fram þá hefur skólinn fest kaup á tveimur fjarverum sem ætlað er að auðvelda fjarnemum þátttöku í skólastarfinu.

Skólinn hefur leitast við að bæta aðstöðu til náms og kennslu m.a. með hliðsjón af niðurstöðum ytra mats frá árinu 2015. Búnaður til verklegrar raungreinakennslu hefur t.a.m. verið aukinn og endurnýjaður, þar er þó enn þörf á frekari umbótum. Huga þarf sérstaklega að tækjabúnaði og aðstöðu til verklegra tilrauna í efnafræði og öryggiskröfum þar að lútandi.

Sérstakt skólasafn er ekki starfrækt við skólann, skv. a. lið, 39. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla skal þá tryggja aðgang nemenda að slíkri þjónustu með öðrum hætti. Fram kom að nemendur og starfsfólk skólans nytu mjög góðrar þjónustu á bókasafni Grundarfjarðar. Nemendur hafa að auki greiðan aðgang að námsbókum og ýmsum fræði- og handbókum í skólanum. Aðgengi nemenda að rafrænum gagnasöfnum er gott og hvatt til notkunar á þeim af hálfu kennara.

Um stuðning við nemendur

FSN tekur á móti öllum þeim nemendum sem til hans sækja og leitast við að mæta fjölbreyttum þörfum þeirra. Vel er staðið að kynningum á skólastarfinu í 10. bekk og vel tekið á móti nýnemum á sérstökum nýnemadögum. Þá tekur námsráðgjafi viðtal við alla nýnema við upphaf náms þeirra.

Skólinn starfrækir starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningar. Haustið 2020 voru 9 nemendur skráðir til náms á starfsbraut. Brautin hefur nýlega flutt sig um set innan skólans og er nú meira miðsvæðis. Viðmælendur voru mjög ánægðir með breytinguna og sögðu allar aðstæður hafa batnað til muna. Fram kom að óskum um búnað væri vel tekið og reynt að verða við þeim eftir því sem aðstæður leyfðu. Námsbrautarlýsing fyrir starfsbraut er aðgengileg á heimasíðu skólans og rammur hún inn helstu viðfangsefni í námi nemenda. Námsbraut er einstaklingsmiðuð og áhersla lögð á að aðlaga daglegt starf að forsendum hvers og eins nemanda. Þá hafa nemendur á starfsbraut einnig setið áfangi á öðrum brautum skólans og til stendur að fjölga slíkum tækifærum í samræmi við stefnu stjórnvalda um *Menntun fyrir alla*. Að mati viðmælenda er samstarf við foreldra gott og viðhorf gagnvart því starfi sem fram fer á námsbrautinni jákvætt. Nemendur brautarinnar heimsækja vinnustaði og skólinn hefur í því sambandi gert samninga við vinnustaði um vinnustaðanám. Samstarf við vinnustaði hefur að sögn viðmælenda verið gott.

Við skólann eru starfræktar tvær framhaldsskólabrautir, námsbrautalýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Námið er 120 einingar og lýkur með framhaldsskólaprófi. Í viðtölum kom fram að framhaldsskólabraut 2 væri einkum ætluð þeim nemendum sem uppfylltu ekki að öllu leyti inntöku-skilyrði stúdentsprófsbrautanna. Almenn næði nemendur að uppfylla öll skilyrði eftir fyrstu önn þeirra í skólanum. Framhaldsskólabraut 1 er hins vegar ætluð nemendum sem eiga erfiðara með að standast bóknámskröfur skólans og þurfa því annarskonar viðfangsefni í námi. Skv. brautarlýsingu er þar m.a. gert ráð fyrir vinnustaðanámi en því hefur að sögn stjórnenda ekki verið fylgt eftir. Enginn sérkennari starfar við brautina sem stendur en námsráðgjafi hefur umsjón með sérstökum áfangi sem ætlað er að styðja við nemendur í námi þeirra. Uppi eru áform um að koma betur til móts við nemendur með því efla teymisvinnu og auka fjölbreytni í námi nemenda m.a. með tilkomu námslínu á sviði nýsköpunar. Fram kom að þessum nemendum væri hættara en öðrum að hverfa frá námi og þess vegna brýnt að koma enn betur til móts við þarfir þeirra.

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög á upptökusvæði skólans. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er aðgengileg á heimasíðu skólans auk þess sem skólinn býður upp á íslenskunám fyrir erlenda nemendur. Í viðtölum kom fram að nemendum gengi misvel að fóta sig í skólanum og sumum þeirra liði ekki vel í upphafi náms og væri því hættara en öðrum við að hverfa frá námi. Skólinn hefur leitast við að halda vel um þessa nemendur þegar þeir koma í skólann og kennarar sagðir hafa skilning á mismunandi forsendum þeirra til náms. Þar sem þessum nemendum er hættara en öðrum við að hverfa frá námi er mikilvægt að skólinn endurskoði og þróa markvisst móttökuáætlun sína í ljósi reynslunnar.

Í viðtölum kom fram að starfsfólk fylgdist vel með nemendum og leitaðist við að grípa þá sem víkja af leið. Áhersla skólans á verkefnaþætti náms og dagleg leiðsögn kennara styður við markvissa eftirfylgd kennara með nemendum auk þess sem fámennið auðveldar yfirsýn. Þeim nemendum sem víkja verulega frá viðmiðum skólans um verkefnaskil og skólasókn býðst að gera sérstakan samning við skólameistara. Viðmið og verkferlar varðandi viðbrögð og viðurlög við frávikum af þessu tagi mættu þó vera mun skýrari í reglum skólans.

Allir nemendur 18 ára og yngri hafa umsjónarkennara, upplýsingar um hlutverk þeirra eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Fram kom að vegna COVID-19 hafi verið tekin sú ákvörðun að allir nemendur hefðu umsjónarkennara. Umsjónarkennurum er ætlað að vera nemendum til aðstoðar, fylgjast með námsgengi þeirra og ástundun og vera tengiliðir við foreldra. Sjálfsmatsnefnd skólans kannaði viðhorf nemenda til umsjónar haustið 2017 og reyndust þau almennt mjög jákvæð.

Námsráðgjafi skólans er í 60% starfi og leggur að auki stund á nám til starfsréttinda. Hann veitir nemendum stuðning í námi og ráðgjöf í persónulegum málum. Upplýsingar um hlutverk námsráðgjafa eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í viðtölum kom fram að nemendur eru ánægðir með þjónustuna og duglegir að nýta sér hana, almenn ánægja með þjónustu námsráðgjafa kemur einnig fram í sjálfsmatsskýrslum skólans og niðurstöðum rannsóknarinnar Ungt fólk 2020.

FSN tekur þátt í tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis um notkun á stafrænum lausnum til að auka aðgengi framhaldsskólanemenda að stoðþjónustu, einkum geðheilbrigðisþjónustu. Markmiðið er að bæta aðgengi nemenda að stuðningi og ráðgjöf og auka um leið yfirsýn yfir þarfir þeirra og veitta þjónustu. Verkefnið hófst árið 2020 og stendur til ársins 2023. Vegna COVID-19 hefur lítil reynsla fengist af verkefninu til þessa.

Nemendur með sértæka námsörðugleika (greiningar) eiga, skv. aðalnámskrá, rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Í viðtölum kom fram að haldnir væru skilafundir með grunnskólum þar sem upplýsingum er miðlað með samþykki foreldra. Þá geta foreldrar ólöggráða nemenda jafnframt óskað eftir því að kennarar séu upplýstir um greiningar barna þeirra. Núverandi fyrirkomulag virðist þó vera þannig að vegna laga um persónuvernd þá er nemendum sjálfum ætlað að upplýsa kennara um sértæka námsörðugleika sína (greiningar) og rétt þeirra til sérúrræða (s.s. lengri próftíma). Fram kom í máli nemenda að þeim væri ekki alltaf ljóst hvaða stuðningur/úrræði stæði þeim til boða. Verklag skólans varðandi upplýsingagjöf til nemenda, kennara og foreldra um sérþarfir nemenda og þann stuðning sem skólinn veitir þarfnast því endurskoðunar. Á heimasíðu skólans eru einungis tvönnskonar úrræði nefnd þ.e. annars vegar lengri próftími skv. prófareglum og hins vegar aðgengi að hljóðbókasafni.

Styrkleikar

- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og til þess fallnir að koma til móts við fjölbreyttan nemenda-hóp og ólík viðfangsefni í námi og kennslu.
- Áhersla skólans á verkefnaþætti nám og dagleg leiðsögn kennara styður við eftirfylgd þeirra með námsframvindu nemenda.
- Nemendur fá leiðbeinandi umsögn varðandi frammistöðu sína.
- Nemendur og kennarar eru almennt ánægðir með fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats.
- Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.
- Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans.
- Skólinn notar kennsluumsjónarkerfið (Moodle) með virkum hætti til að miðla námsgögnum og upplýsingum til nemenda.
- Nemendur eru ánægðir með þjónustu námsráðgjafa.
- Nám á starfsbraut er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á að aðlaga daglegt starf að forsendum hvers og eins nemanda.
- Nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði stúdentsprófsbrauta geta innritast á framhalds-skólabraut 2 og náð þeim hæfniviðmiðum sem þarf til að innritast á stúdentsprófsbrautir.

- Nemendum sem eiga í erfiðleikum með bóknám býðst að skrá sig á framhaldsskólabraut 1, þar sem leitast er við að bjóða þeim viðfangsefni og stuðning við hæfi.

Tækifæri til umbóta

- Umsagnir kennara mega í sumum tilfellum vera ítarlegri og viðbrögð þeirra skjóttari.
- Meta þarf hvort og með hvaða hætti kennarar vinna skv. stefnu skólans um náms- og kennsluhætti og námsmat/leiðsagnarmat.
- Meta þarf ávinning nemenda af áherslum skólans varðandi náms- og kennsluhætti og námsmat.
- Efla þarf formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum.
- Viðfangsefni á framhaldsskólabraut 1 mættu vera fjölbreyttari.
- Meta þarf móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróa áfram í ljósi reynslunnar.
- Efla þarf enn frekar þau námsúrræði og stuðning sem nemendum með sértæka námsörðugleika bjóðast og upplýsingar þar um gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Umsögn matsaðila um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í Lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Um skólabrag

Viðmælendur voru almennt þeirrar skoðunar að jákvæður skólabragur ríkti í skólanum. Sem dæmi um þau lýsingarorð sem notuð voru um skólabraginn og andrúmsloftið í skólanum má nefna góður, mjög góður, frábær, faglegur, gleði, kraftur, áhugi, metnaður, virðing, umhyggja, eins og í stórrí fjölskyldu. Fram kom að fámennið hefði jákvæð áhrif, allir þekktu alla og starfsfólk þekkti alla nemendur með nafni, þá væri nærsamfélag skólans jafnframt fámennt sem skapaði ákveðna nánd.

Fram kom í viðtölum við rýnihópa nemenda að talsverð hópaskipting væri í skólanum sem birtist einkum í því að nemendur söfnuðust saman á ákveðnum stöðum eftir búsetu. Samt sem áður gætu allir spjallað saman og því væri ekki um klíkumyndanir að ræða. Nemendur framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði eiga þó alla jafna erfitt með að tengjast öðrum nemendum skólans þegar þeir koma í lotur og halda því talsvert hópinn á meðan á heimsókn þeirra stendur.

Viðmælendur voru einnig almennt sammála um að nemendum liði vel í skólanum. Sjálfsmatsnefnd skólans hefur kannað líðan nemenda með reglubundnum hætti og fengið sömu niðurstöðu. Í viðhorfskönnun haustið 2019 sögðu 90% nemenda að þeim liði frekar/mjög vel í skólanum, sem er sambærileg niðurstaða og fengist hefur í fyrri mælingum. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólaláttun 2019-2020 sögðust 72% nemenda skólans vera frekar/mjög sammála þeirri staðhæfingu að þeim liði vel í skólanum, sem er heldur lægra hlutfall samanborið við svör annarra framhaldsskólanema. Í niðurstöðum könnunarinnar Ungt fólk 2020 kemur fram að 6% stráka og 15% stelpna telja það eiga oft eða alltaf við um sig að líða illa í skólanum. Árið 2018 átti hið sama við um 29% stráka og 8% stelpna. Líðan stráka í skólanum hefur því batnað til muna en heldur fleiri stelpunum líður hins vegar ögn verr.

Fram kom í máli nemenda að líklega liði ekki öllum alltaf vel í skólanum, þá hafa fyrrgreindar viðhorfskannanir leitt í ljós að um 7% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti og 14% orðið vitni að einelti, niðurstöður úr Framhaldsskólaláttun 2019-2020 sýna svipaða niðurstöðu.

Um samskipti í skólastofunni

Þeir nemendur sem rætt var við voru almennt sammála um að samskipti við kennara væru mjög góð. Fram kom að flestir kennarar væru almennt tilbúnir til að veita aðstoð þegar eftir henni væri leitað jafnt í kennslustundum sem utan þeirra. Kennarar voru sagðir hjálpsamir og hvetjandi og umhugað um að nemendum liði vel og næðu árangri í námi. Þá voru nemendur einnig sammála um að dagleg samskipti við annað starfsfólk væru góð. Þó svo að skólinn hafi ekki orðið gildi sín með formlegum hættir mátti í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk greina ríka áherslu á vellíðan og

velferð nemenda svo og umhyggju og velvild í þeirra garð. Af viðtölum við nemendur mátti ráða að þessar áherslur skólans (gildi) kæmust vel til skila.

Nemendur voru þó þeirrar skoðunar að kennurum gangi misvel að halda upp aga (góðum vinnufrið), stundum væri hávaði í opna rýminu og þá gæti reynst erfitt að halda góðri einbeitingu.

Mjög mikil ánægja er í framhaldsdeildinni með heimsóknir kennara til Patreksfjarðar, fram kom að þær mættu gjarnan vera fleiri og ná yfir lengri tíma. Nemendur framhaldsdeildar nefndu að stundum gæti reynst erfitt að fá aðstoð frá sumum kennurum og svör frá þeim bærust seint. Þetta hafi þó batnað þegar öll kennsla fór yfir í Teams sl. vor. Nemendur voru ánægðir með umsjón og aðstoð deildarstjóra.

Almennar skólareglur ásamt reglum er varða skólasókn, verkefnaskil, umgengni, tölvunotkun, meðferð heimilda og ritstuld eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í viðtali við stjórnendur kom fram að brot á reglum skólans væru afar fátíð og nemendur almennt til fyrirmyndar.

Um félagslíf nemenda

Stjórn nemendafélagsins er kosin í lýðræðislegri kosningu og þarf forseti alla jafna að hafa átt sæti í fyrri stjórn. Auk forseta er stjórnin skipuð ritara, gjaldkera og markaðsstjóra. Formenn skemmti-, árshátíðar- og íþróttanefndar eru kosnir með sama hætti. Nánari upplýsingar um nemendafélagið eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir væru almennt ánægðir með félagslífið í skólanum. Starfsemin hafi þó að mestu legið niðri frá sl. vori vegna samkomutakmarkana ef frá er talið bílabíó sem haldið var á haustdögum og tókst vel. Helstu viðburðir á vegum nemendafélagsins hafa fest sig vel í sessi og má þar nefna opna daga, árshátíð, jólaskemmtun, kaffihúsakvöld, íþróttakeppnir og böll. Viðburðir fara alla jafna fram þegar nemendur framhaldsdeildar eru á staðnum og eru þeir almennt vel sóttir.

Stjórn nemendafélagsins tekur virkan þátt í kynningu á skólanum í öllum grunnskólum á upptökusvæði skólans. Þá skipuleggur félagið skemmtidagskrá þegar 10. bekkingar heimsækja skólann (Framhaldsskólahermir). Nemendur taka að auki þátt í samstarfi framhaldsskóla á Vesturlandi (Akranesi og Borgarnesi), skólarnir skipuleggja í sameiningu/til skiptis dagskrá sem ber yfirskriftina West Side.

Stjórn nemendafélagsins hefur fundarherbergi til afnota og telur þá aðstöðu góða. Flestir viðburðir eru haldnir í sal skólans en þeir stærstu utan hans. Hús skólans eru lokuð eftir skólatíma á daginn. Stjórnendur skólans voru sagðir styðja mjög vel við félagslíf nemenda og öllum hugmyndum sem væru innan marka vel tekið.

Helsta hindrunin í starfi nemendafélagsins er dreifð búseta nemenda, þegar skóla lýkur á daginn fara allir til síns heima. Félagslíf nemenda hefur verið til umræðu á húsfundi en viðhorf núverandi nemenda gagnvart félagslífi skólans hafa ekki verið tekin til sérstakrar skoðunar í innra mati skólans.

Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til starfa í foreldraráði skólans og hefur starfsemin því legið niðri um nokkurt skeið. Fulltrúi foreldra situr í skólanefnd að beiðni stjórnenda skólans og er því ekki tilnefndur af foreldraráði eins og kveðið er á um í 50. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Upplýsingar um lög foreldrafélagsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, en frekari upplýsingar um starfsemi félagsins, s.s. fundargerðir, vantar.

Kynningarfundir fyrir foreldra nýnema eru haldnir að hausti og hafa alla jafna verið vel sóttir. Skólinn gefur út handbókina Bárð sem er upplýsingarit ætlað foreldrum. Foreldrar geta fylgst með námsgengi ólögráða barna sinna í INNU. Í viðtali við foreldra kom fram að sumir kennarar birtu að auki upplýsingar um þau viðfangsefni sem væru framundan með því að senda þeim afrit af tölvupósti sem ætlaður er nemendum, þessar upplýsingar voru að mati foreldra afar gagnlegar.

Upplýsingar um umsjónarkennara eru á heimasíðu skólans, en nánari upplýsingar um viðtalstíma þeirra vantar. Niðurstöður innra og ytra mats hafa ekki verið kynntar foreldrum sérstaklega, en skýrslur þar að lútandi eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Eins og áður hefur komið fram voru viðhorf foreldra til skólans könnuð vorið 2018 og kom þá m.a. fram almenn ánægja þeirra með að hafa framhaldsskóla í heimabyggð.

Skólinn hefur ekki haft samráð við foreldra í vinnu við stefnumótun.

Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Virkt samráð og samstarf er við grunnskóla í nærsamfélagi skólans. Formlegt verklag er til staðar varðandi miðlun upplýsinga o.fl. þegar nemendur flytjast á milli skólastiga. Skólameistari, námsráðgjafi og fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins annast kynningu á skólanum í öllum grunnskólum á upptökusvæði hans. Þá er nemendum 10. bekkjar boðið að taka þátt í Framhaldsskólahermi og fá þá tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu í einn dag. Loks má geta þess að nemendum í 10. bekk gefst tækifæri til að stunda nám í stökum áföngum.

Lögð er áhersla á að nemendur skólans fái tækifæri til að kynna sér nám á háskólastigi. Þetta er gert með þátttöku í Háskóladeginum og heimsóknnum í háskóla landsins. Þá hafa háskólarnir einnig heimsótt framhaldsskólana og kynnt þeim námsframboð sitt. Nokkrir nemendur skólans hafa tekið þátt í Háskólahermi á vegum Háskóla Íslands. Samstarf við háskólastigið um nám nemenda hefur ekki verið formlega skráð.

Um alþjóðlegt samstarf

FSN tekur reglulega þátt í alþjóðlegum verkefnum. Samstarfsverkefni Erasmus+ taka mið af stefnumörkum Evrópusambandsins í menntun og hafa það m.a. að leiðarljósi að efla frumkvöðlafærni og tungumálakunnáttu nemenda og auka færni þeirra í upplýsingatækni. FSN tók þátt í Erasmus+ verkefninu „Science around us“ árin 2018-2020, þátttökulönd auk Íslands voru Grikkland, Finnland, Malta, Frakkland og Pólland. Viðfangsefni verkefnisins var orka, umhverfi, loftslagsbreytingar og náttúruvísindi. Nemendur ferðuðust með kennurum til þátttökulandanna. Markmið verkefnisins var m.a. að auka áhuga nemenda og skilning á vísindum.

Nemendur og kennarar FSN tóku þátt í Erasmus+ verkefninu „Europeans are ready too heal“ árið 2018 ásamt skólum frá Tyrklandi, Spáni og Möltu. Markmið verkefnisins var að auka skilning nemenda á áhrifum hegðunar fólks á loftslagsbreytingar. Tveir nemendur tóku þátt í mannréttindanámskeiði á Tenerife árið 2019. Á námskeiðinu voru nemendur þjálfaðir til að verða eins konar sendiherrar fyrir mannréttindi á heimaslóðum. Með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum þjálfast nemendur í grunnþáttum menntunar. Að mati viðmælenda er alþjóðlegt samstarf einnig afar vel til þess fallið að auka víðsýni nemenda og draga úr fordómum.

Styrkleikar

- Skólabragur er mjög jákvæður. Andrúmsloft innan skólans einkennist m.a. af gleði, virðingu, fagmennsku, umhyggju og velvild.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum. Samskipti þeirra við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk eru almennt góð.
- Markvisst er fylgst með líðan nemenda.
- Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans. Skólinn styður vel við félagsstarf nemenda.
- Virkt samráð er við grunnskóla í nærsamfélagi skólans og formlegt verklag til staðar varðandi gagnkvæma miðlun upplýsinga þegar nemendur flytjast milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta

- Taka þarf öllum vísbendingum um vanlíðan og einelti á meðal nemenda alvarlega og bregðast við með viðeigandi hætti.
- Kennurum gengur misvel að halda uppi góðum vinnufriði í opna rými skólans.
- Huga þarf enn betur að tengslum kennara við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði.
- Æskilegt er að til séu verkferlar sem skilgreina verklag ef upp koma samskiptavandamál/ágreiningsmál innan skólans.
- Upplýsingar um starfsemi nemendafélagsins eru ekki aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Foreldraráð er ekki starfandi við skólann.
- Virk tengsl við framhalds- og háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð.

Umsögn matsaðila um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Við hönnun húsnæðis skólans var leitast við að hafa í huga þá hugmyndafræði sem lögð var skólastarfinu til grundvallar í upphafi. Náms og kennsla fer fyrst og fremst fram í rúmgóðu opnu rými en að auki eru til staðar nokkrar kennslustofur sem m.a. eru ætlaðar fyrir náms og kennslu í raungreinum/myndlist, til fjarkennslu og kennslu á starfsbraut. Í skólanum var til skamms tíma líkamsræktaraðstaða sem búin var tækjum af ýmsum toga. Þar sem nýting rýmisins reyndist ekki góð var tekin sú ákvörðun að breyta því í fjölnota stofu. Stofan er rúmgóð og búin stóru sýningartjaldi, hreyfanlegum stólum og jógaúnum. Nokkur minni rými eru notuð ýmist til kennslu í minni hópum eða sem námsaðstaða fyrir nemendur.

Viðmælendur voru almennt ánægðir með húsnæði skólans og aðstöðu til náms og kennslu. Fram kom að búið væri að bæta vinnuaðstöðu kennara nokkuð, þeir hefðu nú t.a.m. aðgang að lokuðu rými og gætu því dregið sig í hlé og notið næðis. Kennarar búa þó enn við talsverð þrengsl í vinnuherbergi sem þeim er ætlað.

Það sem talið var að vantaði eða þyrfti að bæta varðandi húsnæði og aðbúnað var einkum eftirtalið;

- aðstöðu fyrir kennslu í list- og verknámsgreinum, sem stendur fer kennslan fram í raungreinastofu og í kjallara skólans,
- endurnýjun á húsgögnum í raungreinastofu þ.e. fá fleiri hækkanleg borð fyrir nemendur,
- aðstöðu nemenda til náms utan kennslu- og verkefnatíma, þar sem góður vinnufriður er tryggður,
- fundaraðstöðu í lokuðu rými fyrir starfsfólk vegna teymis- og vinnufunda,
- aðstöðu fyrir skjalageymslu skólans.

Leitast er við að nýta sem best þá íþróttaaðstöðu sem aðgengileg er í nágrenni skólans. Íþróttakennsla fer að hluta fram í íþróttahúsi Grundarfjarðar, þá hefur skólinn einnig aðgang að crossfítasal á Grundarfirði. Ágæt aðstaða er til ýmiskonar útivistar í nágrenni skólans og nemendum m.a. boðið að taka sérstaka áfanga í útivist og skíðaíþróttum. Aðstaða og fyrirkomulag íþróttakennslu var að mati viðmælenda talin fullnægjandi. Engin íþróttakennsla fer fram í framhaldsdeildinni á Patreksfirði.

Skólinn tók alfarið yfir rekstur mötuneytis við upphaf síðasta skólaárs (haustið 2019). Matsalurinn er rúmgóður og hátt til lofts og nýtist hann því jafnframt vel til samkomuhalds. Aðstaða í eldhúsi er að mati viðmælenda góð. Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna COVID-19 er rekstur mötuneytisins nú til endurskoðunar.

Almenn ánægja er með tölvukost og tölvukerfi skólans. Kennarar fá fartölvur til afnota og hafa aðgang að bæði rafrænni töflu og „grænu herbergi“ þar sem búnaður til rafrænnar námsefnisgerðar er til staðar. Nemendur nota eigin fartölvur í skólanum.

Húsnæði skólans er í eigu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi sem leigir það ríkinu. Fasteignir ríkissjóðs koma því ekki að viðhaldi og endurbótum á húsum skólans. Áformað er að formgera betur samstarf skólans og eigenda hússins með það að markmiði að skilgreina með markvissari hætti nauðsynlegt viðhald og þarfir skólans fyrir breytingar og viðbætur.

Framhaldsdeildin á Patreksfirði er til húsa í grunnskólanum en starfsemin er þó að öllu leyti aðgreind. Aðstaðan samanstendur af einu rúmgóðu rými og tveimur minni stofum. Notast hefur verið við fjarfundabúnað í kennslu en vegna COVID-19 hefur nám og kennsla færst yfir í Teams. Húsnæðið er að mati viðmælenda talið fullnægjandi með hliðsjón af núverandi fjölda nemenda.

Styrkleikar

- Almenn ánægja er með húsnæði skólans sem uppfylli að mestu þarfir notenda skv. mati viðmælenda.
- Tölvukerfi og tölvukostur skólans er góður. Kennarar hafa góða aðstöðu til rafrænnar námsefnisgerðar.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að bæta aðstöðu fyrir kennslu í listnámsgreinum.
- Meta þarf þörf á endurnýjun húsgagna í raungreinastofu.
- Kennarar búa við talsverð þrengsli í vinnuherbergi sem þeim er ætlað, huga þarf áfram að því að bæta vinnuaðstöðu kennara.
- Leita þarf lausna varðandi íþróttakennslu nemenda framhaldsdeildar á Patreksfirði.
- Hugað verði að því að bæta aðstöðu nemenda til náms utan kennslu- og verkefnatíma og góður vinnufriður tryggður.
- Huga þarf að fundaraðstöðu í lokuðu rými vegna teymis- og vinnufunda.

Umsögn matsaðila um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Um námsárangur

Niðurstöður námsmats eru rýndar af hálfu kennara í sjálfsmatsskýrslu/ áfangaskýrslu sem skilað er til skólameistara. Skólameistari rýnir niðurstöður námsmats og sjálfsmatskýrslur/áfangaskýrslur kennara og ræðir í kjölfarið við kennara. Skólinn hefur ekki stuðst við mælanleg viðmið varðandi framfarir og árangur nemenda í námi en að mati stjórnenda er námsárangur nemenda almennt góður. Engin tölfræði er fyrirbyggjandi varðandi einkunnir/árangur nemenda.

Skólinn hefur ekki sett sér ákveðin mælanleg viðmið varðandi útskriftarhlutfall. Hlutfall brautskráðra nemenda er ásættanlegt að mati stjórnenda.

Skólinn hefur náð nokkrum árangri í þeirri viðleitni að draga úr brotthvarfi. Á árunum 2015-2020 var brotthvarf nemenda frá námi á bilinu 0,9 til 7,2 prósent eða að meðaltali 3,0 % (tafla 4). Þar sem skólinn er fámennur getur hver og einn brotthvarfsnemandi haft töluverð áhrif á hlutfallið. Þó er ljóst að talsvert hefur dregið úr brotthvarfi en það var mest 6% skólaárið 2014-2015.

Um árangur í grunnþáttum

Í ljósi þess að grunnþættir menntunar eru í raun samofnir þeim áherslum sem lagðar eru í stefnuskjölum skólans, náms- og kennsluháttum, félagslífi og daglegum samskiptum innan hans má ætla að nemendur hafi tileinkað sér þá að einhverju marki. Framfarir nemenda birtast að einhverju leyti í formlegu námsmati skólans, það getur þó reynst flókið að leggja formlegt mat á framfarir þeirra á öllum þeim sviðum sem grunnþættirnir tilgreina og verður það því ekki gert að hálfu matsaðila.

Um langtímaárangur

Ekki hefur verið gerð formleg könnun á afdrifum brautskráðra nemenda, en þar sem nærsamfélagið er fámenn er þó ýmislegt vitað um nám og störf hluta hópsins. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans hefur um nokkurra ára skeið verið uppi áform um að gera slíka könnun.

Skólinn hefur leitast við að vera leiðandi í notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Aðlögun skólstarfsins að fjarkennslu sl. haust, vegna COVID-19, gekk að mati allra viðmælenda mjög fljótt og vel fyrir sig. Þá hafa stjórnendur skólans og skólanefnd lagt áherslu á að mæta þörfum samfélagsins þegar horft er til þróunar á námsframboði skólans. Vegna fámennis hefur jafnframt verið lögð áhersla á að efla skólann á sviði fjarnáms með það að leiðarljósi að fjölga fjarnemum. Fjölbreytni í námsframboði skólans ræðst að verulegu leyti af fjölda þeirra nemenda sem stunda nám við skólann.

Uppi eru áform um að þróa enn frekar verkefnaþættið nám í opnu rými, leiðsagnarmat (leiðsagnar-nám) og notkun upplýsingatækni í námi og kennslu með það að leiðarljósi að undirbúa nemendur sem best fyrir þær áskoranir sem bíða þeirra í náninni framtíð.

Styrkleikar

- Skólinn hefur leitast við að laga sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.
- Aðlögun skólastarfsins að fjarkennslu haustið 2020 vegna COVID-19 gekk mjög vel.
- Skólinn hefur náð nokkrum árangri í þeirri viðleitni að draga úr brotthvarfi.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf athuganir á því hvernig nám við skólann hefur nýst brautskráðum nemendum í framhaldnámi og/eða starfi.
- Setja þarf mælanleg viðmið um framfarir og árangur nemenda í námi, birta tölfræði um árangur þeirra og skoða hvort viðmiðum hafi verið náð.
- Setja þarf mælanleg viðmið um útskriftarlutfall og brotthvarf frá námi og kanna reglulega hvort og þá hversu vel viðmiðum hafi verið náð.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta - yfirlit

Umsögn matsaðila um stjórnun og skipulag

Styrkleikar

- Aðgengi starfsfólks og nemenda að stjórnendum er gott.
- Stjórnendur hvetja til starfsþróunar og veita nauðsynlegan stuðning.
- Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.
- Skólinn hefur mótað stefnu í ýmsum málaflokkum og birt á heimasíðu sinni.
- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu varðandi kennsluhætti og námsmat.
- Settar hafa verið fram áætlanir til næstu þriggja ára varðandi þau verkefni sem skólinn hyggst vinna að í samræmi við áherslu mennta- og menningarmálaráðuneytis á stefnumiðaða áætlanagerð.
- Hefð er fyrir því að sjálfsmat fari fram með reglubundnum hætti og eru niðurstöður sjálfsmats gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Skerpa þarf á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans.
- Tryggja þarf betur aðkomu allra haghafa að stefnumörkun fyrir skólann.
- Fylgja þarf stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu og eftirfylgd.
- Samræma þarf texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum.
- Fastsetja þarf betur fundi í skólanefnd.
- Fastsetja þarf fundi í skólaráði og nýta þann vettvang með markvissari hætti til umræðna og ákvarðanatöku.
- Umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslu taki í auknu mæli mið af niðurstöðum innra mats.
- Setja þarf niðurstöður innra mats fram með skipulegri (myndrænum) hætti og bera mælingar saman við fyrri niðurstöður þegar það á við.
- Setja þarf fram skýr matsviðmið og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim.

Umsögn matsaðila um kennslu og námsframboð

Styrkleikar

- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og til þess fallnir að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og ólík viðfangsefni í námi og kennslu.
- Áhersla skólans á verkefna miðað nám og dagleg leiðsögn kennara styður við eftirfylgd þeirra með námsframvindu nemenda.
- Nemendur fá leiðbeinandi umsögn varðandi frammistöðu sína.
- Nemendur og kennarar eru almennt ánægðir með fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats.
- Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.

- Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans.
- Skólinn notar kennsluumsjónarkerfið (Moodle) með virkum hætti til að miðla námsgögnum og upplýsingum til nemenda.
- Nemendur eru ánægðir með þjónustu námsráðgjafa.
- Nám á starfsbraut er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á að aðlaga daglegt starf að forsendum hvers og eins nemanda.
- Nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði stúdentsprófsbrauta geta innritast á framhaldsskólabraut 2 og náð þeim hæfniviðmiðum sem þarf til að innritast á stúdentsprófsbrautir.
- Nemendum sem eiga í erfiðleikum með bóknað býðst að skrá sig á framhaldsskólabraut 1, þar sem leitast er við að bjóða þeim viðfangsefni og stuðning við hæfi.

Tækifæri til umbóta

- Umsagnir kennara mega í sumum tilfellum vera ítarlegri og viðbrögð þeirra skjótari.
- Meta þarf hvort og með hvaða hætti kennarar vinna skv. stefnu skólans um náms- og kennsluhætti og námsmat/leiðsagnarmat.
- Meta þarf ávinning nemenda af áherslum skólans varðandi náms- og kennsluhætti og námsmat.
- Efla þarf formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum.
- Viðfangsefni á framhaldsskólabraut 1 mættu vera fjölbreyttari.
- Meta þarf móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróa áfram í ljósi reynslunnar.
- Efla þarf enn frekar þau námsúrræði og stuðning sem nemendum með sértæka námsörðugleika bjóðast og upplýsingar þar um gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Umsögn matsaðila um samskipti og líðan

Styrkleikar

- Skólabragur er mjög jákvæður. Andrúmsloft innan skólans einkennist m.a. af gleði, virðingu, fagmennsku, umhyggju og velvild.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum. Samskipti þeirra við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk eru almennt góð.
- Markvisst er fylgst með líðan nemenda.
- Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans. Skólinn styður vel við félagsstarf nemenda.
- Virkt samráð er við grunnskóla í nærsamfélagi skólans og formlegt verklag til staðar varðandi gagnkvæma miðlun upplýsinga þegar nemendur flytjast milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta

- Taka þarf öllum vísbendingum um vanlíðan og einelti á meðal nemenda alvarlega og bregðast við með viðeigandi hætti.
- Kennurum gengur misvel að halda uppi góðum vinnufriði í opna rými skólans.
- Huga þarf enn betur að tengslum kennara við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði.

- Æskilegt er að til séu verkferlar sem skilgreina verklag ef upp koma samskiptavandamál/ ágreiningsmál innan skólans.
- Upplýsingar um starfsemi nemendafélagsins eru ekki aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Foreldraráð er ekki starfandi við skólann.
- Virk tengsl við framhalds- og háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð.

Umsögn matsaðila um húsnæði og aðbúnað

Styrkleikar

- Almenn ánægja er með húsnæði skólans sem uppfylli að mestu þarfir notenda skv. mati viðmælenda.
- Tölvukerfi og tölvukostur skólans er góður. Kennarar hafa góða aðstöðu til rafrænnar námsefnisgerðar.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að bæta aðstöðu fyrir kennslu í listnámsgreinum.
- Meta þarf þörf á endurnýjun húsgagna í raungreinastofu.
- Kennarar búa við talsverð þrengsli í vinnuherbergi sem þeim er ætlað, huga þarf áfram að því að bæta vinnuaðstöðu kennara.
- Leita þarf lausna varðandi íþróttakennslu nemenda framhaldsdeildar á Patreksfirði.
- Hugað verði að því að bæta aðstöðu nemenda til náms utan kennslu- og verkefnatíma og góður vinnufriður tryggður.
- Huga þarf að fundaraðstöðu í lokuðu rými vegna teymis- og vinnufunda.

Umsögn matsaðila um lykilárangur

Styrkleikar

- Skólinn hefur leitast við að laga sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.
- Aðlögun skólastarfsins að fjarkennslu haustið 2020 vegna COVID-19 gekk mjög vel.
- Skólinn hefur náð nokkrum árangri í þeirri viðleitni að draga úr brotthvarfi.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf athuganir á því hvernig nám við skólann hefur nýst brautskráðum nemendum í framhaldnámi og/eða starfi.
- Setja þarf mælanleg viðmið um framfarir og árangur nemenda í námi, birta tölfræði um árangur þeirra og skoða hvort viðmiðum hafi verið náð.
- Setja þarf mælanleg viðmið um útskriftarhlutfall og brotthvarf frá námi og kanna reglulega hvort og þá hversu vel viðmiðum hafi verið náð.

Heimildir og tilvísanir

Fjölbrautaskóli Snæfellinga - almennar upplýsingar

- Tölulegar upplýsingar frá stjórnendum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Fjölbrautaskóla Snæfellinga/skólanámskrá.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/skoladagatal>
 - <https://www.fsn.is/is/namid>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/namsbrautir>
- Vefur Hagstofu Íslands
 - <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/grunnskolestig/>
- Viðtöl við stjórnendur skólans.

Matsþættir og rökstuðningur með niðurstöðum

Stjórnun og skipulag

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Fjölbrautaskóla Snæfellinga/skólanámskrá.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/stefnur>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/aaetlanir-og-markmid>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/skolaakstur-1/skipurit>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/nefndir-og-rad>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/starfsfolk/mottaka-nyrra-starfsmanna>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/starfsfolk/starfslysingar-1>
 - <https://www.fsn.is/is/namid>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/almennar-skolareglur>
- Ársskýrslur Fjölbrautaskóla Snæfellinga 2015-2019.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/skolaakstur-1/arsskyrslur-og-arsreikningar>
- Þriggja ára stefnumiðuð áætlun, skv. 31. gr. laga um opinber fjármál.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/stefnur/stefna-fsn-til-thriggja-ara>
- Sjálfsmatsskýrslur FSN frá skólaárunum 2015-2016 til 2019-2020.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/sjalfsmatssskyrslur>
- Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2015). *Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.*
- Sameyki stéttarfélag í almannáþjónustu – *Stofnun ársins* – niðurstöður kannana.
 - <https://www.sameyki.is/kannanir/stofnun-arsins-2020/>
 - <https://www.sameyki.is/kannanir/eldri-stofnanir-arsins/>
- Fundargerðir skólanefndar frá árinu 2015 til 2020.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/nefndir-og-rad/skolanefnd/fundargerdir-skolanefndar>
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

Kennsla og námsframboð

- Vefur Fjölbrautaskóla Snæfellinga/skólanámskrá.
 - <https://www.fsn.is/is/namid>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/namsbrautir>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/innritun-og-inntokuskilyrði>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/hagnytar-upplýsingar/kennsluaetlanir>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/hagnytar-upplýsingar/kennsluhaettir-i-fjolbrautaskola-snaefellinga>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/hagnytar-upplýsingar/kennsluhaettir-i-fjolbrautaskola-snaefellinga/umsagnir>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/hagnytar-upplýsingar/kennsluhaettir-i-fjolbrautaskola-snaefellinga/verkefnatimar>

- <https://www.fsn.is/is/skolinn/throunarverkefni>
- Sjálfsmatsskýrslur FSN frá skólaárunum 2015-2016 til 2019-2020.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/sjalfsmatsskyrslur>
- Framhaldsskólalapsinn 2019-2020. Heildarniðurstöður - Fjölbrotaskóli Snæfellinga.
 - <https://www.fsn.is/static/files/Innra-og-ytra-mat/skolapulsinn/skolapulsinn-a-heimasidu.pdf>
- *Ungt fólk, Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2020. Unnið fyrir Fjölbrotaskóla Snæfellinga.* (2021). Reykjavík: Rannsóknir og greining
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

Samskipti og líðan

- Vefur Fjölbrotaskóla Snæfellinga/skólanámskrá.
 - <https://www.fsn.is/is/namid/almennar-skolareglur>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/stundaskrar/ur-grunn-i-framhaldsskola-a-snaefellsnesi>
 - <https://www.fsn.is/static/files/Skjol/Bardur/foreldrabardur-2020.pdf>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/stundaskrar/mottokuaetlun-fyrir-nemendur-med-annad-modurmal-en-islensku>
 - <https://www.fsn.is/is/thjonusta/namsradgjof>
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/stundaskrar/nemendafelag-fjolbrautaskola-snaefellinga-nfsn>
- Sjálfsmatsskýrslur FSN frá skólaárunum 2015-2016 til 2019-2020.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/sjalfsmatsskyrslur>
- *Framhaldsskólalapsinn 2019-2020. Heildarniðurstöður - Fjölbrotaskóli Snæfellinga.*
 - <https://www.fsn.is/static/files/Innra-og-ytra-mat/skolapulsinn/skolapulsinn-a-heimasidu.pdf>
- *Ungt fólk, Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2020. Unnið fyrir Fjölbrotaskóla Snæfellinga.* (2021). Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

Húsnæði og aðbúnaður

- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.
- Heimsókn matsaðila í skólann 8. febrúar 2021.

Lykilárangur

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2015). *Fjölbrotaskóli Snæfellinga Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.*
- Sjálfsmatsskýrslur frá skólaárunum 2015-2016 til 2019-2020.
 - <https://www.fsn.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/sjalfsmatsskyrslur>
- Vefur Fjölbrotaskóla Snæfellinga/skólanámskrá.
 - <https://www.fsn.is/is/namid>
 - <https://www.fsn.is/is/namid/namsbrautir>
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.